

Fimmtudaginn 10. desember 1998.

Nr. 127/1998.

**Svalbarðshreppur og
Þórshafnarhreppur**

(Sigmundur Hannesson hrl.)

gegn

Þrotabúi Fjalars hf.

(Jón Kr. Sólnes hrl.)

Verksamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar 19. mars 1998. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfu stefnda, en til vara, að hún verði lækkuð. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjendum gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eins og í héraðsdómi greinir, tók Fjalars hf. að sér með verksamningi 27. nóvember 1993 að smíða fyrir áfrýjendur svokallað samþýlishús við Miðholt á Þórshöfn gegn greiðslu á 21.138.155 krónum. Átti verkinu að ljúka 15. janúar 1995. Þegar bú verktakans var tekið til gjaldþrotaskipta 31. maí 1995, virðist verkið hafa verið um það bil hálfnað. 20. júlí 1995 gerðu áfrýjendur án samráðs við stefnda samning við annað félag um að ljúka verkinu. Höfðu áfrýjendur fram til þess greitt laun fyrir verkið eftir framvindu þess, en þó haldið eftir af greiðslum til Fjalars hf. 5% geymslufé, svo sem þeim var heimil að í verksamningi. Við upphaf gjaldþrotaskipta á búi verktakans var fjárhæð geymslufjárins orðin 581.013 krónur. Í málinu krefur stefndi áfrýjendur um greiðslu þessa geymslufjár.

Áfrýjendur hafa lagt fram í Hæstarétti ný gögn, sem þeir telja styrkja staðhæfingar sínar um, að verulegir gallar hafi komið fram á verki Fjalars hf. Þeir kveða áfallinn kostnað vegna úrbóta á göllum á árunum 1996 og 1997 hafa numið 1.652.921 krónu, en þar bætist við áætlaður kostnaður vegna frekari galla auk tekjutaps vegna seinkunar á verklokum og afsláttar, sem veittur hafi verið á leigu, alls 1.220.384 krónur.

Nýju gögnin, sem hér um ræðir, eru einkum reikningar, kvittanir, vinnuseðlar og yfirlitsblöð úr bókhaldi Þórshafnarhrepps. Hvorki verður ráðið af þessum nýju gögnum né þeim, sem lágu fyrir við meðferð málsins í héraði, að stefndi beri bótaábyrgð á göllum, sem áfrýjendur telja, að komið hafi fram á verkinu, og töfum, sem urðu á því. Gegn mótmælum stefnda hafa áfrýjendur því ekki fært fram fullnægjandi sönnur fyrir bótakröfu vegna galla eða tafa á verkinu, en á þessu einu reisa áfrýjendur kröfu sína um sýknu. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Áfrýjendur verða dæmdir til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Áfrýjendur, Svalbarðshreppur og Þórshafnarhreppur, greiði í sameiningu stefnda, þrotabúi Fjalars hf., 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 30. desember 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m. að undangengnum munnlegum málflutningi, hefur þrotabúi Fjalars hf., trésmiðju, kt. 550169-2589, Brekku-götu 4, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, þingfestri 6. febrúar 1997, á hendur Svalbarðshreppi, kt. 640269-1979, og Þórshafnarhreppi, kt. 420369-1749.

Stefnandi krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér 581.013 kr. með 5% samningsvöxtum af 96.446 kr. frá 15. febrúar 1994 til 1. júní s. á., af 148.862 kr. frá þ. d. til 13. júlí s. á., af 208.170 kr. frá þ. d. til 4. október s. á., af 332.072 kr. frá þ. d. til 4. nóvember s. á., af 391.950 kr. frá þ. d. til 15. mars 1995, af 529.603 kr. frá þ. d. til 1. maí s. á., af 581.013 kr. frá þ. d. til 30. maí s. á. og með 6% vöxtum af 581.013 kr. frá þ. d. til 20. júlí s. á., en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af 583.358,93 kr. frá 20. júlí 1995 til greiðsludags, sem leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti fram að greiðsludegi, í fyrsta sinn 20. júlí 1996, og málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Stefndu krefjast þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, en til vara þess, að þær verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu að mati dómsins.

27. nóvember 1993 gerðu samstarfsnefnd um byggingu íbúða fyrir aldraða íbúa stefndu og trésmiðjan Fjalar hf. með sér verksamning um byggingu sambýlishúss við Miðholt á Þórshöfn fyrir 21.138.155 kr. miðað við byggingarvísitölu í október 1993. Skyldi verkinu lokið eigi síðar en 15. janúar 1995 og lóðarfrágangi eigi síðar en 31. júlí 1994.

Bú verktakans Fjalars hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 31. maí 1995. 16. júní það ár tilkynnti skiptastjóri stefnda Þórshafnarhreppi um gjaldþrotið og krafðist þess, að kröfur, sem stefnandi kynni að eiga útistandandi, yrðu inntar af hendi beint til skiptastjóra.

20. júlí 1995 gerðu sveitarstjórinn á Þórshöfn f. h. stefndu sem verkkaupa og trésmiðjan Borg hf. sem verktaki með sér samning um, að verktakinn tæki við skyldum Fjalars hf. gagnvart stefndu skv. verksamningnum frá 27. nóvember 1993, og segir þar, að verktaki taki að sér skyldur Fjalars hf., eins og staða verksins hefði verið á þeim tíma, er Fjalar hf. hefði hætt starfsemi, gagnvart verkkaupa, en verkkaupi taki á sig sömu skyldur gagnvart verkkaupa (svo) og um hefði verið samið við Fjalar hf. Stefnandi kveður þennan yfirtökusamning fyrst hafa verið kynntan sér 15. nóvember 1995.

Í verksamningi Fjalars hf. við stefndu var ákvæði í 4. gr. um, að halda skyldi eftir 5% af greiðsluáfanga, er skyldi greiða, þegar verktaki hefði skilað verkinu fullgerðu af sér til verkkaupa og lokaúttekt farið fram, og greiðast þá með vöxtum, eins og það hefði verið lagt inn á almenna sparisjóðsbók á greiðsludögum viðkomandi reikninga. Er Fjalar hf. var úrskurðað gjaldþrota, höfðu stefndu haldið eftir 581.013 kr. samkvæmt þessu ákvæði. Er mál þetta höfðað af stefnanda til heimtu þess fjár.

Stefnandi telur geymsluféð hafa fallið í gjalddaga, þegar verkinu hafi verið skilað, í síðasta lagi við gerð yfirtökusamningsins 20. júlí 1995, og einnig, að það standi ekki til tryggingar göllum á verkinu. Segir hann þennan skilning hafa komið margsinnis fram af hálfu stefndu með formlegum og óformlegum hætti með loforðum um uppgjör frá 20. júlí 1995 til 3. október 1996, en þá fyrst hafi verið kynnt sú afstaða, að geymsluféð skyldi standa til tryggingar ætluðum göllum. Segir stefnandi stefndu aldrei hafa rift upphaflegum verksamningi gagnvart stefnanda né boðað skiptastjóra til verkúttektar eða kynnt ætlaða galla á verkinu og ekki haft samráð við stefnanda um yfirtökusamning við Trésmiðjuna Borg hf. eða úttekt á verkinu við þau tímamót.

Stefndu benda á 5. gr. verksamningsins, þar sem segi, að til tryggingar því, að verktaki efni skyldur sínar samkvæmt samningnum, afhendi hann verkkaupa bankatryggingu, að fjárhæð 2.114.000 kr., en auk þess hafi verkkaupi tryggingu í þeim fjárhæðum, sem standa kunni ógreiddar af samn-

ingsverðinu. Telja þeir geymsluféð hluta af þeim tryggingum, sem þeim hafi verið settar fyrir því, að verki væri skilað með umsömdum hætti, og fyrir kostnaði, sem félli til við að bæta úr göllum á því. Segja þeir alvarlega galla hafa komið fram á verkinu, og sé mestur hluti þeirra vegna verkþátta, sem unnir hafi verið af stefnanda. Þar sem hann hafi ekki efnt samninginn fyrir sitt leyti, hafi hann fyrirgert rétti sínum til greiðslu geymslufjárins í heild eða að hluta, þar sem stefndu hafi orðið fyrir tjóni og óhagræði vegna tafa á afhendingu verksins, galla, sem hafi komið fram á því, og brotthvarfs stefnanda frá því.

Við aðalmeðferð málsins gaf Reinhard Reynisson, sveitarstjóri á Þórshöfn, skýrslu fyrir dómi.

Samkvæmt 5. gr. verksamnings Fjalars hf. og stefndu átti verkkaupi að hafa tryggingu í ógreiddum fjárhæðum af samningsverði fyrir því, að verktaki efndi skyldur sínar samkvæmt samningnum. Verður því ekki fallist á það með stefnanda, að fjárhæðir, sem haldið var eftir af verkstöðureikningum skv. 4. gr., hafi ekki átt að standa til tryggingar göllum á verkinu.

Einhver óformleg samskipti voru með aðilum, eftir að bú Fjalars hf. hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta, en ekki liggur alveg ljóst fyrir, hvað skiptastjóra og sveitarstjóra Þórshafnarhrepps, sem kom fram af hálfu stefndu vegna verksamningsins, fór á milli að öðru leyti en því, að það virðist hafa verið sameiginlegur skilningur aðila, að stefnandi myndi ekki neyta heimildar sinnar til að ganga inn í verksamninginn og ljúka verkinu.

Stefnandi á rétt til greiðslu fyrir unnin verk samkvæmt samningi Fjalars hf. og stefndu, sem unnin höfðu verið, er bú verktaka var tekið til gjaldþrotaskipta. Verkkaupi gerði samning við nýjan verktaka um að ljúka verkinu, en lét farast fyrir að gera úttekt á stöðu verksins, eins og hún var á þeim tíma. Verða stefndu að bera hallann af þeirri vanrækslu. Verður því að miða stöðuna við, að lokið hafi verið þeim hluta verksins, sem stefnandi miðar við samkvæmt fyrrnefndum verkstöðureikningum. Verður að fallast á það með stefnanda, að er stefndu gerðu verksamning við nýjan verktaka, sem hóf að ljúka verkinu, án þess að könnun væri gerð á því, hversu miklu fyrri verktaki hefði lokið, þar sem honum væri gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna, hafi fé það, sem haldið var eftir skv. 4. gr. verksamningsins, fallið í gjalddaga.

Stefndu hafa til stuðnings fullyrðingum sínum um galla á verkinu lagt fram skýrslur Húsnæðisstofnunar ríkisins og byggingarfulltrúa á Vopnafirði um lokaúttektir þeirra og úttekt byggingarfulltrúans í Þingeyjarsýslum á göllum á þaki hússins við Miðholt. Áætlun um kostnað við úrbætur fylgir þeirri úttekt, 719.774 kr. Samkvæmt yfirlýsingu sveitarstjóra stefnda Þórs-

hafnarhrepps er áfallinn kostnaður vegna galla orðinn 1.568.967 kr. Þá kom fram við aðalmeðferð málsins, að stefndu telja sig hafa orðið fyrir umtalsverðu tapi leigutekna vegna tafa og galla á verkinu.

Stefnandi hefur mótmælt þessum gögnum sem ófullnægjandi. Verður að fallast á, að eftir þeim sé ekki unnt að gera sér fullnægjandi grein fyrir umfangi gallanna og hverjir þeirra stafi frá ófullnægjandi vinnubrögðum starfsmanna Fjalars hf. Gegn mótmælum stefnanda þykir stefndi því ekki hafa fært nægilegar sönnur á tjón sitt vegna galla á verkinu og tafa á því, sérstaklega þegar tillit er tekið til þess, að við aðalmeðferð málsins kom fram, að til greiðslu upp í þetta tjón hefur verið gengið að tryggingum, að fjárhæð 2.114.000 kr., sem settar voru samkvæmt 5. gr. verksamningsins við Fjalar hf.

Af þessum sökum verður krafa stefndu um sýknu ekki tekin til greina, og krafa um lækkun stefnufjárhæðarinnar er engum gögnum studd. Verður því að dæma stefndu til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð ásamt vöxtum, eins og í dómorði greinir, og málskostnaði, sem þykir hæfilega ákveðinn 100.000 kr.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Svalbarðshreppur og Þórshafnarhreppur, greiði stefnanda, þb. Fjalars hf., 581.013 kr. ásamt 5% ársvöxtum af 96.446 kr. frá 15. febrúar 1994 til 1. júní s. á., af 148.862 kr. frá þ. d. til 13. júlí s. á., af 208.170 kr. frá þ. d. til 4. okt. s. á., af 332.072 kr. frá þ. d. til 4. nóv. s. á., af 391.950 kr. frá þ. d. til 15. mars 1995, af 529.603 kr. frá þ. d. til 1. maí s. á., af 581.013 kr. frá þ. d. til 30. s. m. og með 6% ársvöxtum af 581.013 kr. frá þ. d. til 20. júlí s. á., en dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þ. d. til greiðsludags, sem leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. júlí 1996, og 100.000 kr. í málskostnað.